

Ed. 562. Tillaga til þingsályktunar [249. mál]

um samkomudag Alþingis að loknum næstu kosningum.

Flm.: Ólafur Ragnar Grímsson, Karl Steinar Guðnason, Lárus Jónsson,
Eyjólfur Konráð Jónsson, Guðmundur Karlsson.

Alþingi lýsir yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar hafa farið fram.

Greinargerð.

Þar sem allt útlit er fyrir að breyting á stjórnarskránni verði samþykkt í samræmi við samkomulag fjögurra flokka og þing verði rofið og efnt til nýrra kosninga, þykir flutningsmönnum þessarar tillögu nauðsynlegt að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að þing verði kvatt saman eigi síðar en 18 dögum eftir að næstu kosningar til Alþingis hafa farið fram.

Í stjórnarskrárnefndum beggja deilda þings kom það skýrt fram, að fulltrúar Alþýðuflokks, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks töldu óhjákvæmilegt, að þing kæmi saman fljótlega eftir næstu kosningar, og áskildu þeir sér rétt til að flytja frumvarp eða tillögu um það efni. Flutningur þessarar tillögu kemur því ekki á óvart og er staðfesting á fyrri yfirlýsingum fulltrúa flokkanna.

Tillagan er flutt af fulltrúum þessara þriggja flokka í stjórnarskrárnefnd efri deildar.